Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
velliðan fyrir alla

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Hornafirði, 24. október 2022
nr. erindis 202210005 JÍI

Málefni: Umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar á frumvarpi til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010

Umhverfis- og skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar vill ítreka fyrri umsögn sem er í bókun umhverfis- og skipulagsnefndar frá 2.12.20

Umhverfis- og skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar telur að skipan raflínunefndar fyrir framkvæmdir í meginflutningskerfi raforku feli í sér inngrip ríkisins í skipulagsvald sveitarfélaga sem samræmist ekki markmiðum skipulagslaga um að ábyrgð á skipulagsgerð sé á höndum sveitarfélaga. Ótækt sé að slík nefnd taki stjórnsýsluákvarðanir fyrir hönd sveitarfélaga. Bæði er hér um að ræða takmörkun á skipulagsvaldi og leyfisveitingavaldi sveitarfélaga. Sveitarfélagið Hornafjörður tekur undir með Sambandi íslenskra sveitarfélaga að ekki sé ástæða til að útvíkka hlutverk raflínunefnda og ákvæða um raflínuskipulag þannig að þau nái til annarra samfélagslega mikilvægra innviða, t.d. vegaframkvæmda. Skýrt verði að vera að sú sérstaka málsmeðferð sem lögð sé til í frumvarpinu um skipulag og veitingu framkvæmdaleyfa vegna framkvæmda í meginflutningskerfi raforku, sé grundvallarfrávik frá meginreglum skipulagslaga. Framkvæmdir við meginflutningskerfið hafi sérstöðu umfram ýmsa aðra samfélagslega innviði þar sem nauðsynlegt sé að taka sameiginlega og bindandi ákvörðun allra sveitarfélaga um línuleið og staðsetningu jarðstrengja.

Virðingarfyllst

Brynja Dögg Ingólfsdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar

SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐUR

Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði, kt. 590169-4639, sími 470 8000, fax 470 8001,hornafjordur@hornafjordur.is